



2017

Ársskýrsla Þjóðskóga Vesturlands



Valdimar Reynisson

Skógræktin

31/12/2017

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Almennt um deildina	3
Árið 2017	4
Veðurfar	4
Skógarskaðar	4
Gróðursetningar	5
Grisjun	6
Viðarvinnsla	8
Jólatré	9
Vegagerð	10
Girðingar	10
Framkvæmdir	10
Stígagerð	10
Vélar og tæki	10
Heimsóknir	11
Mannahald	12
Óhöpp	14
Lokaorð	14

Forsíðumynd: Tvöfaldur regnbogi upp af trjálundinum í Laxaborg í Haukadal í Dalabyggð. Myndin er tekin í september 2017. Mynd: Valdimar Reynisson

Inngangur

Árið 2017 var viðburðar ríkt og erill samt.

Skógur kom almennt vel undan vetri enda voraði vel og haustið 2016 var langt þannig að flest allar tegundir náðu að ljúka sér af þó að þær séu með langan vaxtartíma (suðlægar tegundir). Sumar veðrið var sæmilegt nokkuð hlýtt en þó ekki mjög, þó komu hlýinda kaflar í júlí þar sem hitinn fór yfir 20 °C annars var þetta svona 11-15 °C. Haustið var milt og gott og entist fram í nóvember en þá kom vetur og það hélst vetur til áramóta.

Veturinn var erfiður að því leiti að lítið fraus, gerði það vélgrísjun erfiða. Vélgrísjáð var á Stálpastöðum fyrri part árs en um haustið var farið í Norðtunguskóg til að grísjá. Lítið var handgrísjáð á árinu þó var byrjað á skemmtilegum reit á Stálpastöðum sem er með mörgum trjátegundum sá reitur á eftir að vera mjög skemmtilegur þegar að búið verður að grísjá hann.

Sala afurða var þolanleg, þó tók Elkem minna en reiknað var með í upphafi árs setti það strík í reikninginn bæði hvað varðar grísjun og tekjur til deildarinnar.

Nýtt svæði bættist við hjá deildinni en það er sá hluti skógarins á Mógilsá sem að er innan lands Skógræktarinnar um það bil 40 hektarar. Innan þess svæðis er trjásafn með mörgum tegundum. Nokkur vinna fór í þetta nýja svæði á á árinu þar sem að rannsóknarstöð skógræktar varð 50 ára gömul og þurfti að hressa upp á göngustíga og merkingar. Fengum við til liðs við okkur sjálfbóðaliðahópa til þessara verka.

Annars var um hefðbundna starfsemi að ræða. Meira seldist af kurli frá okkur en áður og nokkur aukning var í sölu á arinvið. Minna seldist af borðum og plönkum en áður.

Nokkuð var um heimsóknir á árinu bæði voru það nemendur og aðrir hópar sem að komu.


Erlendir nemar voru 8 talsins. Voru þeir frá 4 þjóðlöndum, flestir frá Danmörku en einnig frá Frakklandi, Austurríki og Ungverjalandi.

Almennt um deildina

Vesturlandsdeild Skógræktarinnar nær yfir landsvæðið frá Gilsfirði og suður á Reykjanes í land Straums við Hafnarfjörð. Innan þessa landsvæðis eru 30 jarðir og jarðarpartar sem eru í eigu/eða umsjá Skógræktarinnar. Mest er starfsemin í Skorradal. Þar hefur deildin umsjón og eignarhald á átta jörðum og jarðarpörtum. Heildarlandstærð í umsjón deildarinnar er um 11.647 hektarar og af þeim eru 5371 hektarar af birkikjarri og birkiskógi en ræktaður skógur er 875 hektarar. Um 53,6% lands á vegum deildarinnar er skógi eða kjarri vaxið.

Vesturlandsdeildin hefur umsjón með tveimur stórum girðingum, sem girða af lönd Skógræktarinnar og annara landeigenda. Þetta eru Ystutungugirðing í Borgarbyggð og Skorradalsgirðing sem umlykur Skorradal sunnan- og austanverðan.

Starfstöð deildarinnar er að Hvammi í Skorradal. Skógarvörður er Valdimar Reynisson skógfræðingur M.Sc.



Mynd 1 Yfirlits mynd yfir starfsvæði þjóðskóga vesturlandi. merktar eru inn flest svæði sem eru á vegum deildarinnar.

Árið 2017

Veðurfar

Árið 2017 byrjaði með frekar hlýju veðri og var seinnipartur vetrar frekar hlýr og lítið var um frost, þetta gerði okkur nokkuð erfitt fyrir með grisjun. Nokkur lægðagangur var fyrri part ársins því fylgdi nokkuð stormasamt veður á köflum. Það komu nokkrir frostakaflar en þeir stóðu stutt yfir nokkur snjór var í byrjun árs. Það voraði snemma og vorið var milt og gott trjágróður lifnaða að jafnaði snemma og tók fljótt við sér. Sumarið var ágætt en hefði mátt vera hlýrra á köflum þó komu góðir dagar sérstaklega í júlí. Haustið var með milt og gott og entist þetta góða veður fram í nóvember en þá kom veturinn og hann var frekar staðfastur að þessu sinni, með frosti og snjó. Helstu tölur yfir veðurfarið má sjá á töflu 1 hér að neðan.

Tafla 1: Yfirlit yfir veðurfar á veðurstöðinni á Hvanneyri árið 2017. Gögn frá Veðurstofu Íslands

Mánuður	Meðal hiti °C	Hámarkshiti °C	Lágmarkshiti °C	Meðal vindhraði, m/s	Mesti vindhraði, m/s	Mesta hviða, m/s	Úrkoma (mm)	Fjöldi daga með sólarhrings úrkomu meiri en 1 mm
1	0,44	9,6	-13	5,19	17,9	31,7	145,99	15
2	2,37	8,6	-11,1	4,59	20,7	37,9	125,1	20
3	-0,26	8,7	-12,8	3,89	18,4	25,4	93,2	13
4	2,69	11,7	-8,3	5	17,4	28,3	139,4	16
5	8,7	20,9	1,2	4,59	14,9	24,2	74,7	16
6	9,36	17,9	0	4,02	11,5	19,6	46,5	9
7	11,68	23,6	2,9	3,2	10,2	16	33,1	9
8	10,06	19,3	0,5	2,87	9,8	15,6	49,39	8
9	9,26	16,7	-1,6	2,91	11,4	20,5	94,7	12
10	6,02	12,5	-2,4	3,22	14,1	18,6	33,3	10
11	-2,82	8,7	-14,8	3,75	20,9	33,5	84,2	10
12	-2,52	8,8	-15,2	4,48	14,4	23,6	71,8	11

Skógarskaðar

Tíðinda lítið var á sviði skógarskaða á vesturlandi árið 2017. Eitthvað af trjám féllu af völdum vinds í lægðarganginum bæði fyrripart árs og um haustið, en það voru engin stór stormföll bara tré á stangli.

Aðrir skaðar sem eitthvað bar á voru sitkalús, köngulingur, asparglitta, birkikemba og barrviðaráta. Nokkuð varð vart við sitkalúsar skaða að hausti var það aðeins til vansa í torgtrjáahöggi en slapp til. Köngulingur var nokkuð algengur þó meira í rauðgreni en sitkagreni, truflaði það aðeins jólatrjáahöggið en það er svo mikill einstaklings munur á trjám að það fannst alveg nóg af ósýktum trjám til að höggva.

Asparglitta sást í Hvammi í Skorradal lagðist hún aðalega á viðju snemm sumars, var viðjan frekar ljót af þessum sökum. Asparglittan sást einnig á öðrum tegundum eins og selju og alaskaösp en olli ekki skaða á þessum tegundum.

Birkikemban herjaði á birki um allt vesturland en olli ekki verulegum skaða blöð voru ljót á sýktum trjám á meðan kemban var á svæðinu en trén laufguðust almennt aftur.

Barrviðaráta/pínáta lagðist á fjallapin á Stálpastöðum var það aðalega í kringum gamla bæinn. Nokkur tré drápuðst en þó var algengara að sýkingin væri staðbundin eina eða fleiri greinar.

Gremniella sýking er viðvarandi nú er þessi skaðvaldur farinn að herja meira á fimnálafurur en áður.

Gróðursetningar

Gróðursettar voru 32017 plöntur á vegum deildarinnar sumarið 2017. Gróðursett var á Stóru-Drageyri í Skorradal, Bakkakoti í Skorradal, Selskógi í Skorradal og Litla-Skarði í Ystu tungu.

Þar sem að plönturnar sem komu voru ekki alveg eftir þeirri áætlun sem gerð var urðum við að leika aðeins af fingrum fram og finna hentuga staði fyrir plönturnar var það til þess að plantað var víðar en áætlað var. Bakkakot og Litla-Skarð voru ekki inni í gróðursetningar áformum ársins, en það var gott að geta sett eitthvað niður á þessum stöðum.

Mest var gróðursett af sitkagreni, rauðgreni, blágreni og stafafuru. Einnig voru gróðursettur sitkabastarður og fjallapinur af ýmsum kvæmum. Sundurliðun á tegundum og gróðursetningar stað er í töflu 2 hér að neðan.

Flestar plöntur fóru á Stóru-Drageyri eins og áætlað var, meira af plöntum fóru í Selskóg en reiknað var með en allt sem gróðursett er þar er hugsað sem jólatré.

Við fengum töluvert af rauðgreni sem varaflögu settum við nokkuð af því í íbætur í jólaskóginn í Selskógi og eitthvað á Stóru-Drageyri en megnið af því fór svo á hentugan stað í Litla-Skarði.

Tafla 2: Yfirlit yfir gróðursettar trjátegundir hjá Þjóðskógum Vesturlands árið 2017.

Trjátegund	Kvæmi	Magn	Staðsetning	Plöntur pr ha	Fjöldi ha
Sitkagreni	Stálpastaðir	13200	Stóradrageyri	2500	5,28
Stafafura	Daníelslundur/Skagway	4080	Stóradrageyri	4000	1,02
Rauðgreni	Q1	6930	Stóradrageyri/Selskógur/ Litlaskarð	2500	2,77
Blágreni	Rio Grande	3744	Stóradrageyri/ Selskógur	2500	1,50
Sitkabastarður	Seward	1760	Litlaskarð	2500	0,70
Fjallaþinur	Þjórsárdalur	1400	Bakkakot í Skorradal	2500	0,56
Fjallaþinur	Skagway	48	Selskógur í Skorradal	2000	0,02
Fjallaþinur	Bauhenwill/Georges mountain	120	Bakkakot í Skorradal	2500	0,05
Fjallaþinur	Apache	735	Selskógur í Skorradal	2000	0,37
Samtals		32017			12,27

Starfsmenn þjóðskóga vesturlands tóku þátt í stórrí sameiginlegri gróðursetningu á Hafnarsandi við Þorlákshöfn að hausti.

Grisjun

Nokkuð var vélgrisjað á starfsvæði þjóðskóga á vesturlandi árið 2017. Fyrripart árs var grisjað á Stálpastöðum í Skorradal. Það verk sóttist heldur hægt bæði vegna óhagstæðs tíðarfars (ófrosin jörð) og svo lenti stjórnandi skógarhöggvélarinnar í umferðaróhappi og var hálf lélegur í langan tíma á eftir. Á Stálpastöðum var grisjað efst og austast í skóginum. Efsti hlutinn af skóginum var mikið snjóbrotinn og rýr í efnistöku þar af leiddi að magn þess timburs sem út úr þessari grisjun kom var heldur minna en hefði verið hægt að áætla miðað við flatarmál grisjaða svæðisins. Í töflu 3 hér að neðan má sjá sundurliðun á helstu tölum úr grisjun ársins. Hlutfalls tölur milli tegunda eru byggðar á ágiskun þar sem að ekki var mögulegt að mæla hverja tegund fyrir sig í staðunni. Við vorum ekki sérlega ánægðir með þessa grisjun aðalega út af því að kvistun á bolum var vægast sagt mjög slæm sérstaklega á sverara efninu.

Seinni part árs var svo vélgrisjað í Norðtunguskógi í Þverárhlið í Borgarfirði. Fyrir áramót var eingöngu unnið í rjóðurfellingu en verkið nær inn á næsta ár og verður þá grisjað líka. Mest er af stafafuru í Norðtunguskógi en þó var ákveðið að rjóðurfella tvo rauðgreni reiti og tvo sitkabastarðsreiti sem voru lélegir. Búið var að fjárfesta í nýjum högghaus fyrir skógarhöggsvélina og ekki var ekki hægt að kvarta undan afkvistun á bolum eftir það, nýi hausinn virðist mun betri en sá gamli. Þessi grisjun gekk mjög vel fyrir áramót. Magn tölur fyrir þessa grisjun eru byggðar á mælingum sem gerðar voru fyrir grisjun þar sem ekki var búið að mæla það efni sem búið var að

keyra út um áramót. Stærð rjóðurfellingar í sitkabastarðinum er ágiskun þar sem að reitirnir voru ekki búnir fyrir áramót.



Mynd 2: skógarhöggsvélin að störfum í Norðtunguskógi haustið 2017. Hér er verið að rjóðurfella rauðgreni. Mynd VR

Heildar vélgrísjun á árinu 2017 var 9,74 hektarar og úr þeim komu 774,5 m³ af bolvið. Skiptingin á milli svæða er þannig á Stálpastöðum voru grísjaðir 5,9 hektarar og úr þeim kom 412 m³ af bolvið.

Í Norðtunguskógi voru rjóðurfeldir 3,84 hektarar og úr þeim komu 362,5 m³ af bolvið.

Verktaki í grísjun er 7.9.13 ehf.

Einnig var rjóðurfelldur skápur í Selskógi og í hann plantað fjallaþin til jólatrjáaframleiðslu.

Tafla 3: Yfirlit yfir vélgrísjun á starfssvæði Þjóðskóga Vesturlands árið 2017

Staðsetning	Stærð svæðis í ha	Trjátegund	Rúmmetrar	Rjóðurfelling	Nýting
Stálpastaðir	4	SG	272	nei	Elkem/ borðviður
Stálpastaðir	1	RG	60	nei	Elkem
Stálpastaðir	0,9	SF	80	nei	Elkem/ arinviður
Stálpastaðir samtals	5,9		412		
Norðtunguskógur	1,18	SxHG	144,5	já	Elkem/borðviður/spírur
Norðtunguskógur	1,41	SF	106	já	Elkem/arinviður
Norðtunguskógur	1,25	RG	112	Já	Elkem/spírur
Norðtunguskógur samtals	3,84		362,5		
Heild samtals	9,74		774,5		

Viðarvinnsla

Viðarvinnsla var með svipuðu formi og á undanförunum árum mest var aukningin í kurl sölu en einnig seldist ágætlega af eldivið. Svo virðist vera sem sala á flettum viði sé að dragast saman hjá okkur á vesturlandinu. Sennilega þarf að spýta aðeins í markaðsmálum til að auka sölu. Skógarvörður og aðstoðarskógarvörður þurfa að leggja hausinn í bleyti til að finna leiðir til að auka sölu afurða. Þó var nokkuð sagað fyrir aðra sem komu með sitt efni sjálfir.

Sala til Elkem var minni en reiknað var með vegna aðstæðna hjá þeim. Þetta þýddi minni tekjur til okkar en reiknað hafði verið með í byrjun árs, vonandi standa samningar næsta árs betur þannig að hægt verði að halda dampi í grísjun og úrvinnslu afurða.

Það er kominn tími til að endurnýja ýmsan tækjakost til viðarvinnslu.

Tafla 4: yfirlit yfir seldar afurðir frá starfstöðinni í Hvammi í Skorradal árið 207. athugið að það er búið að um reikna allar magnölur í rúmmetra.

Afurð	M3	Athugasemdir
Bolviður greni	612	Inni í þessari tölu eru 551,55 m3 sem eru í kurl til iðnaðar.
Borðviður greni	6	
Arinviður birki	0,3	
Arinviður barr	61,56	Hér er um furu eldivið að ræða
Kurl greni/fura	227	Hér er eingöngu tiltekið það kurl sem selt er frá starfsstöð
Kurl til iðnaðar	551,55	Kurl í Elkem
Samtals	906,86	Hér eru 551,55 m3 dregnir frá heildarsummuni svo ekki sé tvítekið

Jólatré

Jólatrjáasala var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Mest var að gera í torgtrjámum, þar bættist við gamall viðskiptavinur sem er með 3 stór tré en tveir viðskiptavinir með 3 tré dattu út þetta árið vegna sérstakra aðstæðna. Torgtrjáa höggið var erfitt þetta árið hjálpuðust þar að nokkrir þættir t.d sitkalús, köngulingur og við erum búnir að mjólka vel úr bestu reitunum og það er orðið erfitt að finna stærstu trén. En á meðan skógurinn vex þá koma alltaf inn ný svæði sem taka við af þeim gömlu. Þegar svo kom að flutningi á jólatrjámum til kaupanda þá bilaði kranabíllinn degi áður en við ætluðum að flytja sem varð til þess að setja þurfti öll trén á bílinn með traktornum okkar. Þessar tilfæringar töfðu flutningana og gerði verkið mun flóknara en ef hægt hefði verið að nota kranann. Ekki tókst að fá annan kranabíl með svo stuttum fyrirvara.

Sala á heimilis trjám var svipuð og í fyrra þó bættist við einn aðili sem við sendum til í heildsölu. Opið var eina helgi í Selskógi þar sem fólki var boðið að höggva sitt eigið jólatré. Aðsókn var frekar lítil en þó kom nokkuð af fólki. Selskógur er okkar Jólaskógur og eru uppi hugmyndir um að bæta aðstöðu fyrir gesti þar til muna þannig að heimsóknin í jólaskóginum verður enn ánægjulegri.

Sundurliðun fyrir jólatré má finna í töflu 5 hér að neðan. Þar geta glöggir lesendur séð að stafafuran er vinsælust en við myndum sennilega selja töluvert meira af henni ef við hefðum meira úrval. Við erum í þínu vandræðum með furuna þar sem ekki hefur verið plantað í allmörg ár og furan er of vaxin og hentar illa í jólatré á heimilum. Við höfum verið að planta á undanförunum árum bæði furu og öðrum tegundum sem koma til með að nýtast sem jólatré í framtíðinni.

Tafla 5: Yfirlit yfir sölu Jólatrjáa frá Hvammi í Skorradal árið 2017.

Tegund	Fjöldi	Samtals fjöldi eftir tegund	Tegund	Fjöldi	Samtals fjöldi eftir tegund
Stafafura jólatré óflokkað	6,00				
Stafafura jólatré 126-150 cm	8,00				
Stafafura jólatré 151-175 cm	28,00				
Stafafura jólatré 176-200 cm	16,00				
Stafafura jólatré 201-250 cm	5,00	63,00			
Blágreni jólatré óflokkað	2,00		Torgtré 3-4 m	7,00	
Blágreni jólatré 201-250 cm	1,00	3,00	Torgtré 4-5 m	6,00	
Rauðgreni jólatré óflokkað	6,00		Torgtré 5-6 m	12,00	
Rauðgreni jólatré 101-125 cm	2,00		Torgtré 6-7 m	8,00	
Rauðgreni jólatré 126-150 cm	7,00		Torgtré 7-8 m	7,00	
Rauðgreni jólatré 151-175 cm	15,00		Torgtré 8-9 m	7,00	
Rauðgreni jólatré 176-200 sm	15,00		Torgtré 9-10 m	4,00	51,00
Rauðgreni jólatré 201-250 cm	3,00		Fjallapínur jólatré 3-4 metrar	1,00	1
Rauðgreni jólatré 251-300 cm	5,00	53,00	Jólatré samtals		119,00

Vegagerð

Skógarvegagerð var nokkur á árinu 2017.

Lagður var vegstubbur af vinnu braut á Stálpastöðum niður á stæðu plan sem er við Skorradalsveg. Þessi vegagerð var gerð til að minka umferð keðjaðra vinnuvéla á Skorradalsvegi, nú er hægt að keyra beint niður úr skóginum á stæðu planið og stafla þar upp timbri. Verktaki í þessu verki var Hálstak ehf (Tryggvi Valur Sæmundsson).

Í Norðtunguskógi í þverárhlið var keyrð mól í 2,3 km af skógarvegum. Þessi vegagerð var gerð til að auðvelda umferð skógarhöggsvéla og umferð starfsmanna um svæðið verktaki í þessu verki var Traktorsverk ehf (Magnús Skúlason Norðtungu).

Girðingar

Gert var átak í Ystutungugirðingu, þar voru endurnýjaðir staurar í stórum hluta af rafgirðingarkaflanum. Sú girðing er gömul og var girt með harðviðarstaurum sem að áttu ekki að leiða en fóru svo að gera það með tímanum. Því var nauðsynlegt að endurnýja staurana og koma straum aftur á girðinguna. Þetta verk kláraðist ekki fyrr en í lok júlí. Þá var töluvert af fé komið inn í girðinguna og í haustmölun náðust þar 200 kindur og meira til af og til yfir sumarið.

Á öðrum hluta girðingarinnar var hefðbundið viðhald.

Á Skorradalsgirðingunni var hefðbundið viðhald, frekar lítið af fé kom inn að sunnanverðu en eitthvað meira að norðanverðu (Fitja, Sarpur og Efstibær).

Að öðru leiti var tíðindalítið í girðingarmálum.

Framkvæmdir

Engar stórar framkvæmdir voru á vegum deildarinnar á árinu nema vegagerð sem gerð verður nánari skil í kaflanum um vegagerð og stígagerð á Mógilsá.

Settir voru niður nýir merkistaurar og merki í trjásafnið á Stálpastöðum.

Stígagerð

Mest var unnið í stígagerð á Mógilsá í Kollafirði. Lagaður var einn hringur í trjásafninu auk örlítilla innskota og svo var langt komið með að klára annan hring samtals voru þetta. Þessi vinna var mikið til í tengslum við 50 ára afmæli rannsóknarstofnunarinnar.

Vélar og tæki

Til eru 3 dráttavélar hjá deildinni.

Valtra Valmet 8050 árg 2001 sem er 110 hö. Hún er notuð við útkeyrslu á viði úr skóginum.

Valtra Valmet A85 árg 2004 88 hö með ámoksturstækjum. Þessi vél er mikið notuð í snatt t.d til að afgreiða kurl á sumrin og flytja timbur þegar verið er í viðarvinnslu.

Valtra Valmet 700 árg 1999 70 hö. Mest notuð við spilun, knýja kurlarann og eldiviðakleyfann.

Einn gamall sturtuvagn

Einnig er til eldiviðarkleyfi. Gamall frá Vöglum og er dráttarvélarknúinn.

Trjáskurlari Farmi, dráttarvélarknúinn.

Nokka viðarvagn frá 2009.

Viðarspil gamalt. Kom frá Hallormsstað.

Wood-Mizer bandsög gömul. Kom frá Hallormsstað.

Gamall snjóblásari, traktorsdrifinn. Sameign með Skorradalshreppi.

Staurabor, traktorsdrifinn.

Gömul bandsög kom frá Vöglum í desember 2017

Einnig á deildin tveir bílar Mitsubishi L200 Double Cap árg. 2008 og Toyota Hilux árg. 2006

Seldur var Toyota hilux bíll 2007 árgerð sem tjónaðist í útafakstri í desember 2016 og ístaðinn kom Toyota hilux af Norðurlandi 2006 árgerð.

Heimsóknir

Nokkuð var um heimsóknir á árinu.

Alls komu 5 hópar í leiðsögn um skóginn.

Í maí komu eldri borgarar í Kópavogi tók skógarvörður á móti þeim.

Í júní kom Félag skógarbænda á vesturlandi í heimsókn aðstoðarskógarvörður tók á móti þeim.

Í ágúst komu svo tveir hópar annar var skipaður kennurum úr þýskum skógtækniskóla, sá hópur var í fylgd Aðalsteins Sigurgeirssonar. Aðstoðarskógarvörður tók á móti þeim.

Tveim dögum seinna komu svo nemendur frá Heiðarskóla í Hvalfirði í heimsókn.

Aðstoðarskógarvörður tók á móti þeim.

Í september kom svo Danskur hópur sem að tengdist aðstoðarskógarverðinum og fór hann með þá út í skóg.

Í nóvember kom Björgvin Eggertsson með skógfræði nema hann var að kenna þeim um umhirðu skóga og kjarsögun skógarvörður tók á móti þeim hópi og leiðbeindi þeim ásamt Björgvini.

Síðast en ekki síst komu grunnskóla og leikskóla nemar frá Hvanneyri til að velja og höggva jólatré fyrir skólana sína í desember. Aðstoðarskógarvörður tók á móti þeim.

Tveir hópar frá sjálfbóðaliðasamtökunum SEEDS störfuðu fyrir deildina á Mógilsá. Fyrri hópurinn var skipaður Frönskum ungmennum, unnu þau við stígagerð og að setja niður merkistaura í trjásafninu á

Mógilsá. Þetta verk var liður í undirbúningi fyrir 50 ára afmæli rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá. Franski hópurinn vann í tvær vikur og skilaði mjög góðu verki.

Seinni hópurinn var í tvo daga og var skipaður af bandarískum ungmennum sem voru að koma frá Frakklandi með stoppi á Íslandi. Afköst þessa hóps var ekki í líkingu við hinn Franska. Það fór einn dagur í fræðslu og einn í vinnu enn þó náðist að setja töluvert af kurli í stíga.



Mynd 3: Franski sjálfboðaliðahópurinn á tröppunum á Mógilsá sumar 2017. Mynd VR

Erlendir nemar voru 8 og voru af ýmsu þjóðerni alls 4 þjóðir. Flestir komu frá Danmörku en einnig voru nemar frá Frakklandi, Austurríki og Ungverjalandi. Nemarnir voru í mislangan tíma frá þremur vikum upp í þrjá mánuði. Nöfn og þjóðerni nema kemur í lista hér að neðan.

Verknemar

Oliver Christian Gram
Mikkel skou Andreassen
Isabella Ostovary
Marie Charbrier
Hanna Novoszáth
Johan Grønlund- Arndal
Jens Gammelgaard Nielssen
Daniel schmidt Olsen

Þjóðerni

Danskur
Danskur
Austurrísk
Frönsk
Ungversk
Danskur
Danskur
Danskur

Einn dönsku nemanna Johan Grønlund- Arndal vann listaverk úr við með keðjusög í sínum frítíma, við létum gera nokkur verk í skóginum á Stálpastöðum. (mynd 4)

Mannahald

Breytingar urðu á starfsmanna haldi deildarinnar á árinu. Birgir Hauksson aðstoðarskógarvörður lét af störfum 1 júní sökum aldurs. Í stað Birgis var Jón Auðunn Bogason skógfræðingur ráðinn aðstoðarskógarvörður. Jón Auðunn hafði starfað hjá deildinni í rúmt ár sem skógarhöggsmáður áður en hann var ráðinn sem aðstoðarskógarvörður.

Aron Hansen skógarhöggsmáður hætti störfum í lok ágúst eftir nokkurra ára starf. Í stað Arons var ráðinn Viktor Steingrímsson skógarhöggsmáður.

Þökkum við Aroni og Birgi fyrir vel unnin störf og samfylgdina á undanförunum árum.

Hjá Deildinni starfa núna 4 menn.

Benedikt Örvar Smáráson skógarhöggsmáður

Jón Auðunn Bogason skógfræðingur aðstoðarskógarvörður

Valdimar Reynisson skógfræðingur skógarvörður

Viktor Steingrímsson skógarhöggsmáður



Mynd 4: Víkingur í Stálpastaðaskógi. listaverk eftir verkemann Johan Grønlund- Arndal. Mynd VR

Óhöpp

Engin óhöpp urðu á árinu 2017

Lokaorð

Eins og fram kemur í þessari skýrslu var svipað m að vera á vesturlandi og undanfarin ár þó bættist við nýtt svæði. Vegna hálftrar aldar afmælis Rannsókanarstöðvarinnar á Mógilsá bættist nokkuð við verk þar.

Það er ánægjulegt að aukning var í sölu á kurli og eldiviði. Þó miður að Elkem tók minna magn en reiknað hafði verið með í upphafi árs, þetta setti aðeins strik í reikninginn hvað grisjun varðar og tekjur til deildarinnar.

Erlendir verknemar voru fleiri en oftast áður. En aðrar heimsóknir í meðallagi.

Við horfum með bjartsýni fram á veginn og vonum að árið 2018 verði enn betra en 2017.